

Það hefur lengi legið fyrir að veruleg þörf er á heildarendurskipulagningu á starfsumhverfi sauðfjárbænda, enda búgreinin lengi búið við afar bág kjör. Einn liður í því að stórbæta afkomu sauðfjárbænda er að lækka kostnað við framleiðsluna og þá er ekki síst horft til þess að ná fram hagræðingu í slátrun og vinnslu afurða sauðfjárbænda þannig að hægt sé að lækka kostnað á leiðinni frá bónda til neytenda. Heimild afurðastöðva í kjötiðnaði til hagræðingar er afar mikilvæg aðgerð í þá átt að bæta kjör sauðfjárbænda. Með því að draga úr kostnaði við slátrun og vinnslu afurðanna skapast svigrúm til að leiðrétta afurðaverð til sauðfjárbænda til mikilla muna.

Vil ég því hvetja til góðra verka í þeirri mikilvægu vinnu sem að framundan er.

06.12.2023

Búvörulög (Framleiðendafélög) 505. mál

Fh. Deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands

Trausti Hjálmarsson

Formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands